

Mánudaginn 9. septembermánaðar.

Nr. 27/1901:

Hið opinbera
gegn
Kristjáni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta hófst með kæru frá hreppsnefndinni í Reykdælahreppi eða fjallskilastjóra þar á hendur hinum kærða, til að fá hann dæmdan til skaðabóta og sekta fyrir gangnarof eða brot gegn reglugjörð 15. júní 1893, um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, og var málið dæmt í lögreglurétti Þingeyjarsýslu 22. ágúst f. á. þannig, að kærði var dæmdur í 5 kr. sekt til sveitarsjóðs Reykdælahrepps og til að greiða sama sjóði 15 kr. 30 a. í skaðabætur; svo skyldi kærði og greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Nefnd reglugjörð 15. júní 1893 skipar svo fyrir í 34. gr., að með brot gegn reglugjörðinni skuli farið sem almenn lögreglumál, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890. Þó hefir lögregludómarinn látið afskiftalaust af sinni hálfu að upplýsa málið, og látið það vera að öllu leyti á valdi kæranda og kærða, að hve miklu leyti þeir vildu færa fram gögn og vitni í því, og hefir málarekstrinum því verið hagað sem í hverju öðru einkamáli. Með því að þessi málsmeðferð er gagnstæð lögum, sérstaklega grundvallarreglunni í tilsk. 8. marz 1799, ber að ómerkja hinn áfrýjaða lögregluréttardóm og alla meðferð málsins frá upphafi.

Samkvæmt þessum urslitum málsins verður að dæma lögregludómarann til að greiða allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningu- og verjandi- og verjandi- við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Þess skal getið, að þar sem töluverður dráttur hefir orðið á áfrýjun máls þessa af hendi lögregludómarans, þá virðist sá dráttur hafa stafað af hinum sama misskilningi, er ráðið hefir meðferð hans að öðru leyti á málinu, þar sem hann hefir ætlað málsaðilum (kærða) að hlutast sjálfum til um áfrýjun málsins, og þarf því eigi að víta þetta atviki sérstaklega.

Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmet.

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfrýjandi lögregluréttardómur og meðferð málsins frá upphafi á að vera ómerkt. Lögregludómarinn, sýslumaður Steingrímur Jónsson, greiði allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningu- og verjandi- og verjandi- við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra, og lúkist kostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.